

## Frumvarp til laga

### **um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna).**

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson,  
Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímann Magnússon,  
Tómas A. Tómasson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

- a. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Atvinnutekjur.
- b. 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2024.

### **Greinargerð.**

Flokkur fólksins hefur ítrekað lagt til að skerðingar vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega verði afnumdar. Málið var áður flutt á 148., 149., 151., 152. og 153. löggjafarþingi (72. mál) en hlaut ekki brautargengi og er nú endurflutt efnislega óbreytt, en uppfært með tilliti til laga-breytinga frá síðustu framlagningu.

Í 2. málsl. 3. mgr. 22. gr. laga um almannatryggingar er kveðið á um að ellilífeyrisþegar skuli hafa 2.400.000 kr. sérstakt frítekjumark vegna atvinnutekna. Þetta sérstaka frítekjumark kemur til viðbótar við hið almenna frítekjumark laganna sem nemur 300.000 kr. á ári. Ef ellilífeyrisþegar hafa launatekjur yfir 2.400.000 kr. á ári skerðist ellilífeyrir þeirra um 45% af því sem umfram er. Lengi vel stóð frítekjumarkið í 1.200.000 kr. en síðla árs 2021 var frítekjumarkið tvöfaltað.

Skerðingar á atvinnutekjum ellilífeyrisþega hafa sætt mikilli gagnrýni undanfarinn áratug. Frítekjumarkið þótti of lágt og skerðingarhlutfallið of hátt. Eldra fólk bentti ítrekað á að þetta hefði þær afleiðingar að vinna hefði lítil sem engin áhrif á ráðstöfunartekjur. Þegar launatekjur eru skattlagðar og leiða einnig til skerðinga á ellilífeyrir þá situr nánast ekkert eftir.

Dr. Haukur Arnþórsson vann greinargerð um fjárhagslega stöðu aldraðra fyrir Félag eldri borgara í Reykjavík og ritaði grein um rannsókn sína í Morgunblaðið 23. nóvember 2017. Þar kemur fram að afnám skerðinga á lífeyrisgreiðslur vegna atvinnutekna þurfi ekki að fela í sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð og að það sé vel hugsanlegt að ríkissjóður gæti haft fjárhagslegan ávinning af aðgerðinni.

Í kjölfar þinglokasamninga sumarið 2019 samþykkti Alþingi að láta framkvæma úttekt á því hver kostnaðurinn yrði ef frumvarp Flokks fólksins um afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna næði fram að ganga. Félagsmálaráðuneyti fékk Capacent til að framkvæma úttektina. Capacent skilaði úttektinni snemma árs 2020. Samkvæmt niðurstöðum Capacent

myndi afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna leiða til aukins kostnaðar fyrir ríkis-sjóð um 2,1 milljarð kr.

Það vekur spurningar þegar tvær úttektir um sama viðfangsefnið skila misvísandi niðurstöðum. Þingmenn Flokks fólksins hafa ítrekað kallað eftir því að fá aðgang að þeim forsendum sem liggja að baki niðurstöðum Capacent en ráðuneytið hefur ekki enn veitt aðgang að þeim.

Um áramótin 2021–2022 voru gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar og frítekjumark ellilífeyris hækkað úr 1.200.000 kr. í 2.400.000 kr. Þessum breytingum ber að fagna, en betur má ef duga skal. Fullt tilefni er til að stíga næsta skref og afnema þessar skerðingar með öllu.

Óumdeilt er að áframhaldandi vinna eftir að ellilífeyrisaldri er náð eykur möguleika aldra til að bæta kjör sín, einkum þeirra sem lægstar hafa tekjurnar. Þá hafa rannsóknir sýnt fram á að vinna og virkni á efri árum stuðlar að betri heilsu, dregur úr einangrun og hefur almennt mikið félagslegt gildi fyrir eldri borgara. Núgildandi lagarammi dregur verulega úr atvinnuþátttöku eldri borgara. Fyrsta skrefið í rétta átt hefur verið stigið með tvöföldun frítekjumarksins. Næsta skref þarf að stíga til fulls. Því er lagt til að skerðingar ellilífeyris vegna atvinnutekna verði afnumdar.

#### *Um einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til tvær breytingar á 22. gr. laga um almannatryggingar. Í þeirri fyrri, í a-lið, er lagt til að atvinnutekjur skuli bætast við þær tegundir tekna í 2. mgr. 22. gr. sem ekki skulu hafa áhrif til skerðinga á fjárhæð ellilífeyris. Seinni breytingin, sem lögð er til í b-lið, felst í því að fella brott 2. másl. 3. mgr. 22. gr. sem kveður á um frítekjumark ellilífeyrisþega vegna atvinnutekna, enda yrði slikt frítekjumark með öllu óþarft ef atvinnutekjur teldust eigi lengur til tekna skv. 2. mgr. 22. gr.

##### Um 2. gr.

Lagt er til að gildistaka frumvarpsins miðist við næstu áramót.